

Kelduneshreppur
Katrín Eymundsdóttir, oddviti
671 Kópasker

2003120021
6701; 9310

Reykjavík, 28.. janúar 2004
/--

Efni: Ásbyrgisvegur 861. Norðausturvegur-Ásbyrgi, Kelduneshreppi. Ákvörðun um matsskyldu.

Vísað er til erindis Kelduneshrepps dags. 11. desember 2003 þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt lagning Ásbyrgisvegar 861 samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og lið 10 b í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits hreppsnefndar Kelduneshrepps, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá hreppsnefnd Kelduneshrepps með bréfi dags. 5. janúar 2004, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 6. janúar 2004, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra með bréfi dags. 5. janúar 2004 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 19. janúar 2004.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með bréfum dags. 5., 7. og 23. janúar 2004.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að um sé að ræða endurbyggingu á vegi 861, Ásbyrgisvegi, frá Norðausturvegi inn að tjaldsvæði þjóðgarðs Ásbyrgis. Lengd vegarins verði um 0,7 km með tengingum að verslun, íbúðarhúsi, skógarvarðarhúsi, gistirými, Gljúfrastofu og tjaldstæði. Sbr. deiliskipulagstillögu muni núverandi vegur verða fjarlægður. Vegurinn verði hannaður miðað við vegflokk C1 með heildarbreidd 7,5 m, eða vegflokkur C2 með heildarbreidd 6,5 og verði hönnunarhraði 30 – 50 km/klst. Efnispörf sé áætluð 11.500 m³ miðað við vegflokk C1 og 10.500 m³ miðað við vegflokk C2. Efni verði notað úr þeim vegkafla sem verði fjarlægður, og annað viðbótarefni fengið úr viðurkenndri malarnámu við Jökulsárbrú. Tilgangur framkvæmdarinnar sé að tengja betur saman þjónustu í mynni

Ásbyrgis. Þess er getið að nýja vegstæðið muni verða fært nær núverandi íbúðarhúsnæði og því verði meira ónæði af umferð yfir ferðamannatímamann, en talið sé betra að mannvirkjagerð, þar með talin vegagerð, sé haldið innan takmarkaðs svæðis til að hafa sem minnst áhrif á náttúrulegt umhverfi og halda opnum sjónlínunum inn í Ásbyrgi.

Gróður

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að vegstæðið fari yfir gróið svæði í jaðri túns. Við jaðar túnsins (að norðan) sé grasi vaxið rofabarð sem að vegstæðið muni liggja ofaná. Norðan innkeyrslunnar á tjaldsvæðið séu grastegundir langmest áberandi og séu þar litlar breiður af rauðsmára, sem sé sjaldgæfur á svæðinu, í vegkantinum. Fram kemur að mikilvægt sé að taka tillit til þessa við framkvæmdina.

Dýralíf

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að nokkrar fuglategundir verpi nálægt fyrirhugaðri veglínu. Þar séu vörp hrossagauks og þúfuttlings algengust en einnig sé þar varp heiðlóu, stelks og sandlóu. Ennfremur kemur fram að ekki sé um mikið varp að ræða og ósennilegt að framkvæmdin muni hafa áhrif á fuglalíf, né samfélög refa, minka eða músa á svæðinu.

Fornleifar

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að minjar hafi verið skoðaðar í mynni Ásbyrgis og að allar séu þær utan byggingalóða eða annarra svæða þar sem jarðrask sé fyrirhugað skv. deiluskipulagstillögu.

Skipulag

Samkvæmt upplýsingum Skipulagsstofnunar er framkvæmdin ekki í samræmi við aðalskipulag, og þarf að breyta því áður en framkvæmdarleyfi er gefið.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGD FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt.

Í umsögnum hreppsnefndar Kelduneshrepps, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra og Umhverfisstofnunar kemur fram að framkvæmdin muni ekki hafa umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki vera háð mati á umhverfisáhrifum.

Fornleifar

Í umsögn Fornleifaverndar ríkisins kemur fram að fullnægjandi upplýsingar liggi fyrir um fornleifar á framkvæmdasvæði nýs Ásbyrgisvegar og að fyrirhuguð framkvæmd muni ekki hafa áhrif á fornleifar og skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Efnistaka

Umhverfisstofnun fer fram á að efnið úr þeim vegkafla sem fjarlægður verði, verði notað eins og hægt sé í nýja veginn. Umhverfisstofnun telur ekki líklegt að fyrirhuguð efnistaka muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér en minnir á ákvæði VI. kafla laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Gróður og fuglalíf

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að nauðsynlegt sé að búsvæði rauðsmára verði ekki raskað við fyrirhugaðar framkvæmdir. Afmarka ætti á vettvangi búsvæði tegundarinnar áður en framkvæmdir hefjast. Stofnunin telur að með hliðsjón af þeim gróðurlendum sem sé að finna á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði og að um sé að ræða land sem mótað sé af búsetu, sé ekki líklegt að fyrirhuguð framkvæmd hafi í för með sér umtalsverð áhrif á gróður

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að ekki sé talið líklegt að framkvæmdin hafi í för með sér umtalsverð áhrif á fuglalíf því ekki sé um að ræða sjaldgæfar tegundir eða tegundir á valista, auk þess sem varp sé ekki mikið.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða lagningu eða endurbyggingu Ásbyrgisvegar 861 á um 0,7 km kafla frá Norðausturvegi inn að tjaldsvæði Þjóðgarðsins í Jökulsárgljúfrum. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 10 b í 2. viðauka í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun tekur undir ábendingu Umhverfisstofnunar og telur æskilegt að búsvæði rauðsmára verði afmarkað áður en framkvæmdir hefjast. Þar sem að fyrirhuguð framkvæmd tekur til takmarkaðs svæðis er það mat Skipulagsstofnunar að framkvæmdin muni ekki hafa verulegt rask í för með sér.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu, umsagnir og svör framkvæmdaraðila við þeim. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að lagning Ásbyrgisvegar 861. Norðausturvegur-Ásbyrgi, Kelduneshreppi sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdin er ekki í samræmi við staðfest Aðalskipulag Kelduneshrepps 1995-2007 og þarf að breyta því. Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi hreppsnefndar Kelduneshrepps skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. Unnt er að veita framkvæmdaleyfi á grundvelli Deiliskipulags Þjóðgarðsins í Jökulsárgljúfrum, Kelduneshreppi: Þjónustusvæði ofl. í Ásbyrgi, þegar málsmeðferð þess er lokið og sveitarstjórn hefur birt auglýsingu um samþykkt þess í B-deild Stjórnartíðinda.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 27. febrúar 2003.

Hólmfríður Sigurðardóttir

Auður Ýr Sveinsdóttir

Afrit. Umhverfisráðuneytið, hreppsnefnd Kelduneshrepps, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirlit Norðurland

eystra og Umhverfisstofnun.